


**Sneiðing A-A**
mkv. 1:100




**Grunnmynd 1. hæð**
mkv. 1:100

## BYGGINGARLÝSING

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að húsnæði þar sem áður var til húsa járnsmiðja og síðar Byggðasafn Hafnarfjarðar, mun nú hýsa starfsemi Hafnarfjarðarleikhússins. Helstu breytingar á húsnæðinu eru þær að því er skipt í þrjú aðal rými sem eru leiksalur fyrir 150-200 áhorfendur, forsalur með snyrtingum, veitingasölu og skrifstofulofti, og búnings- og förðunaðstöðu með geymslulofti og tækniaðstöðu fyrir leiksýningar (ljósaborð o.þ.h).

1-ÚTVEGGIR. Útveggir eru úr steinsteyptir. Gluggar hafa margir verið byrgðir að innan með timburplötum en eru sýnilegir að utan.

2-ÞAK. Þak er gert úr 180mm stálsperrum (IPN-18) m. 1500mm millibili, ofan á þær eru boltaðar 2" x 3" timurlektur, þar ofan á er borðaklæðning, pappi og bárujárn. Milli stálsperra kemur 5" steinullareinangrun, og neðan á hana harðpressuð 1" steinullarplata m. álklæðningu.

3-SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Gólf í skrifstofuaðstöðu yfir forsal og á geymslulofti yfir *leikaraaðstöðu eru úr grind með amk. 200mm timburásum, einangrað og* með klæðningu í flokki 1 til að ná EI-60 brunamótstöðu þar sem við á.

4-INNVEGGIR. Nýir innveggir eru ýmist gerðir úr blikkstoðum eða timburgrind (berandi) og eru klæddir tvöföldu lagi úr spónaplötum og gipsi. Innveggir í húsnæðinu eru m. klæðningu í flokki 1 og uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar um eldvarnir þar sem við á.

5-EINFÖLDU SKYGGNI úr stálgrind með bárujárnsþaki verður komið fyrir við aðalinngang.

6-INNTAK FYRIR RAFMAGN er á tveimur stöðum í rýminu, en inntak fyrir hitaveitu og vatnsveitu er í aðliggjandi húsnæði.

7-BÍLASTÆÐI. Alls eru uþb 180 bílastæði á lóð leikhússins, við aðliggjandi hótel, á lóð nærliggjandi íþróttahúss, og við tónlistarskóla og *kirkju.*

## BRUNAVARNALÝSING

1. Hönnun og uppsetning brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð verður í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar.

2. Tvær 30m brunaslöngur eru í rýminu, ein í forsal við aðalinngang, og ein í aðalsal við útgöngudyr. Neyðarlýsingu og handslökkvitækjum verður komið fyrir eftir þörfum.

3. Rýmingarleiðir úr aðalsal eru um útgönguleiðir á norðurhlið byggingar, en þær eru um tvennar dyr (2 x 1400mm fyrir miðju salar), og um 1800mm dyr að forsal. Flóttaleiðir úr aðalsal eru allar með "panik-slá".

Rýmingarleið úr forsal er um aðalinngang (900mm) og um 1800mm dyr að aðalsal.

Rýmingarleiðir úr aðstöðu leikara eru um inngang á norðurhlið (900mm), um björgunarop á suðurhlið, og um 900mm dyr að aðalsal.

Rýmingarleiðir af skrifstofulofti yfir forsal eru um svalir á suðurhlið, og um hringstiga niður í forsal.

4. Koma skal fyrir útljósum og neyðarlýsingu í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð verða staðsettir í samráði við Eldvarnareftirlit.

## BRUNATÁKN:

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótst. EI-60

Útljós. ÚT

Flóttaleiðir

Brunaslanga 30 m

Stjórnstöð viðvörunarkerfis

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. 13/9/04 BK

lykilmynd

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ
10.09.04

breytingar

A - 01.09.2004 - ýmsar breytingar

KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ

KE - kt: 070365-4059

VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf. - kt: 570800-2210 - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj.
Sími: 565 9779 - GSM: 699 0999 - Email: kari@aok.is - www.aok.is

| | |
|---|---|
| verkkaupi | Fasteignafélag Hafnarfjarðar |
| verk | HERMÓÐUR OG HÁÐVÖR SMIÐJAN - Strandgötu 50 |
| teikning | Grunnmynd 1. hæðar / Sneiðing A-A |
| teikning nr. | 0410 201 |
| | AÐALUPPDRÁTTUR |
| hannað | KE |
| teiknað | KE |
| dags. | JÚNÍ 2004 |
| mkv. | 1:100 |
| tölvuskrá | 0410-201.dwg |
| blaðstærð | A2 |

**ath!** Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum skal tilkynna hönnuði strax.